

GRÆNFÁNINN Í MENNTASKÓLANUM VIÐ SUND

Menntaskólinn við Sund sækir nú um grænfánann í fimmta sinn, en skólinn skráði sig í verkefnið vorið 2020. Veturinn 2021-2022 var stofnaður áfangi í kringum verkefnið og flaggaði skólinn sínum fyrsta grænfána vorið 2022. Áður hafði ýmislegt verið gert til að bæta umhverfismál innan skólans, t.d. var skólinn fyrstur framhaldsskóla til að stíga öll grænu skrefin í ríkisrekstri.

Með tilkomu skráningar skólans í grænfánaverkefnið jókst enn frekar áhersla á umhverfismálin og hefur ýmislegt verið gert. Hér á eftir verður fjallað um það sem ráðist hefur verið í undanfarin ár með sérstakri áherslu á síðastliðið skólaár.

Skólaárið 2025-2026 er skólinn í umsóknarferli um að verða UNESCO skóli og er markmið að láta þessi tvö verkefni vinna saman í sömu nefnd með sömu nemendum.



Greinargerð vegna grænfánaverkefnisins í MS veturinn 2025-2026.

Tekið saman af Kristbjörgu Ágústsdóttur



Skref 5 Námsefnisgerð og tenging við aðalnámskrá

Í Menntaskólanum við Sund er lögð rík áhersla að allir nemendur fái menntun um umhverfismál. Áfangi í umhverfisfræði er skyldufag fyrir alla nemendur skólans auk þess kennarar eru hvattir til að vinna með umhverfismál með einhverjum hætti í öllum fögum. Sérstök áhersla er lögð á þetta í umhverfisviku þar sem öllum kennurum er uppálagt að koma umhverfismálum að með einum eða öðrum hætti í sinni kennslu.

Hér má sjá nokkur dæmi um hvernig umhverfismálin eru tekin fyrir í ólíkum fögum:

- Tungumál: Nemendur lesa greinar um umhverfismál sem unnið er sérstaklega með í umhverfisviku
 - Næringarfræði: Nemendur skoða umhverfisáhrif matarstíla á umhverfið, s.s. vegan, ketó o.fl.
 - Lýðheilsufræði: Nemendur skoða áhrif heilbrigðra lífnaðarháttá á umhverfið.
 - Líffræði: Nemendur skoða m.a. mikilvægi þess að viðhalda lífbreytileika og mikilvægi örvera í framleiðslu umhverfisvænna vara.
 - Efnifræði: Nemendur reikna út kolefnisspor við akstur út á land.
- Heimsmarkmiðin eru mikilvægur hluti skólafarsins og er unnið með þau í nokkrum áföngum þó einkum í umhverfisáfangi skólans sem er skyldufag fyrir alla nemendur.
- Grunnþættir aðalnámskrár fá allir vægi í fögum skólans. Þannig er unnið með sjálfbærni, jafnrétti, lýðræði og mannréttindi í áföngum eins og umhverfisfræði og lýðræðisvitund; heilbrigði og velferð fá vægi í lýðheilsufræði og næringarfræði; sköpun fær vægi í þeim skapandi greinum sem kenndar eru við skólann en öflug listalína er við skólann með fögum á borð við leirmótum, fatahönnun, raftónlist og myndlist; læsi er að sjálfsögðu stór hluti af náminu ekki bara læsi á bókina heldur einnig læsi á umhverfi, samfélag, miðla svo fátt eitt sé nefnt.
- Nemendur í umhverfisfræði hafa jafnframt tekið þátt í verkefninu Ungt umhverfisfréttafólk og eru árlega send inn nokkur verkefni í keppnina. Nemendur við skólann hafa m.a. náð öðrum og þriðju verðlaunum fyrir vefsíðu um fatasóun.

Skref 1 Umhverfisnefnd

Umhverfisnefnd Menntaskólans við Sund samanstendur af 11 nemendum á 2. og 3. ári. Einn nemandi var í leiðtogaáfangi, en þá fá nemendur að halda áfram að vinna að umhverfismálum innan skólans.

Nemendur beggja áfanga hittast að jafnaði einu sinni í viku og vinna að verkefnum. Nemendur fá fimm einingar fyrir setu í nefndinni allt skólaárið.

Nemendur áfanganna sáu um framkvæmd skrefanna sjö að undanskildum skrefum nr. 5 og 7 sem voru í höndum kennara, stjórnenda og umhverfisnefndar starfsfólks.

Umhverfisnefnd starfsfólks hefur verið starfandi um árabíl við skólann og hefur fundað óreglulega og eftir þörfum. Lykilmaður í þeirri nefnd er umsjónarmaður fasteignar, Gunnlaugur, sem hefur starfað þétt með umhverfisnefnd nemenda og mætt á fundi með nefndinni eftir þörfum. Einnig eru í umhverfisnefnd starfsfólks tveir stjórnendur, skrifstofustjóri, fjármálastjóri og kennarar í umhverfisfræði.



Skref 2 Mat á stöðu mála

Umhverfisnefnd nemenda valdi sér þrjú þemu til að vinna eftir þetta skólaárið: Hnattrænt réttlæti, loftslagsbreytingar og neysla og hringrásarkefi. Nefndin mat stöðu umhverfismála með því að fylla út gátlista fyrir þemun. Í kjölfarið voru sett markmið sem unnið var að.

Skref 3 Markmið

- Matarsóun
- Hnattrænt réttlæti og uppruni nemenda
- Flokkun

Einnig var hluti af nemendum sem fóru í jöklaferð sem var hluti af styrk frá fyrra skólaári.



Skref 4 Eftirlit og endurmat

1. Matarsóun:
 - Matarsóun í matsal MS: nemendur skoðuðu matarsóun og ræddu við starfsfólk.
 - Lausnir: Gerðar voru hugmyndir að lausnum til kynningar fyrir stjórnendur skólans.
2. Hnattrænt réttlæti og uppruni nemenda:
 - Hvað er hnattrænt réttlæti og af hverju skiptir það mig máli: kynningarefni um hnattrænt réttlæti og sett saman við fræðslu um félagslegt réttlæti. Haldið upp á dag félagslegs réttlætis 20. febrúar
 - Er verið að kenna hnattrænt/félagslegt réttlæti í MS?: Gerð könnun meðal kennara um kennsluafni og aðferðir auk þekkingar þeirra á hugtakinu.
 - Hvaðan koma nemendur í MS?: Fengnar voru upplýsingar frá kennslustjóra um uppruna nemenda og gert veggspjald með þjóðfánum.
3. Flokkun
 - Hvað verður um ruslið í MS?: Rusli fylgt frá tunnu í skólanum út í gáma og áfram til í Íslenska gámafélagsins sem þjónustar skólann.
4. Jöklaferð
 - Aðgerðir:
 - a) Áhrif loftslagsbreytinga á jökla: Umhverfisnefnd MS ásamt umhverfisnefnd FÁ fékk styrk frá loftslagsstjórn Reykjavíkurborgar til að fara í jöklaferð. Farið var 2. október á Sólheimajökul og í kjölfarið unnið myndband um áhrif loftslagsbreytinga á jökla.



Skref 6 Að upplýsa og fá aðra með

- Mikilvægur hluti verkefnisins er að allt skólasamfélagið sé upplýst um það sem gert er í umhverfismálum. Umhverfisnefndin hefur reynt að standa sig í þeim efnum og hefur eftirfarandi m.a. verið gert:
- Umhverfisvika: Stærsti liðurinn í því að upplýsa og fá aðra með er umhverfisvika MS sem er nú orðinn fastur liður í skólafarsinu. Í ár fer hún fram vikuna 20. - 22. apríl. Nemendur eru nú að leggja lokahönd dagskrá fyrir umhverfisvikuna, t.d. munu þau setja upp fataskiptamarkað á áberandi stað í skólanum, í hádeginu verður spurningakeppni með vinningum, fræðsluafni mun vera á skjáum skólans og myndbönd og önnur verkefni sem nemendur hafa unnið verða sýnileg á göngum skólans. Kynningarefni um heimsmarkmið og UNESCO skóla verður líka áberandi í tengslum við umsókn MS. Verið er að athuga með að fá tónlistaratriði frá nemenda skólans. Einnig verður viðburður þar sem skólinn fær grænfánann vonandi afhentan (sjá umræðu um markmið 5 í kaflanum um eftirlit og endurmat).
- Tölvupóstar og samfélagsmiðlar með upplýsingum um mikilvæg málefni: Tölvupóstar eru sendir til starfsfólks og nemenda til að minna á mikilvæg málefni t.d. umhverfisviku. Einnig koma slíkar upplýsingar fram á samfélagsmiðlum.
- Glærur á skjáum: Umhverfisnefndin er með sérstakan sess á skjáum skólans en drjúgan hluta vetrar eru skilaboð frá umhverfisnefnd á skjáum. Reglulega er skipt um glærur og hafa mismunandi málefni verið tekin fyrir.
- Veggspjöld: Nemendur bjuggu til veggspjöld um uppruna nemenda sem hanga enn á veggjum skólans.
- Kynningar: Nemendur bjuggu til kynningar, annarsvegar fyrir stjórnendur vegna matarsóunar í mötuneyti og hins vegar fræðslu fyrir kennara um hnattrænt/félagslegt réttlæti.
- Kynning fyrir nýnemum: Grænfánaáfanginn var kynntur öllum nýnemum skólans og þeir hvattir til að taka þátt næsta vetur.

Skref 7 Umhverfisstefna

Skólinn hefur sett sér ítarlega umhverfis- og loftslagsstefnu sem finna má á vefsíðu Menntaskólans við Sund, sjá hér: <https://www.msund.is/is/skolinn/utgefing/efni/stefnur/umhverfis-og-loftslagsstefna-menntaskolans-vid-sund> Stefnan er í stöðugri endurskoðun. Nemendur í umhverfisnefnd kynntu sér stefnuna en ekki náðist að gera athugasemdir og endurbætur áður en þessi greinargerð var rituð.

Lokaorð

Menntaskólinn við Sund hefur unnið ótulllega að umhverfismálum um árabíl og er hægt að segja að það sé svo sannarlega mikilvægt að auka þekkingu og virkni nemenda á umhverfismálum nú þegar þau eru í lægð í samfélagsumræðu, bæði hérlendis og erlendis. Það er von okkar að vinna okkar í vetur beri þann árangur að skólinn fái annan grænfánann afhentan í umhverfisvikunni 20-22 apríl 2026.